



Ytra mat

Leikskólinn Akrasel

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2021
ISBN 978-9979-0-2722-5

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Starfsmenn.	10
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	12
Stjórnskipulag og skipurit.	12
Námskrá og áætlanir	12
Stjórnun og starfsmenn	12
Fagleg forysta	13
Starfsandi og starfsánægja	14
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	16
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	17
Námssvið.	17
Velferð og líðan barna.	18
Mat á námi og velferð barna	19
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	20
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	20
Viðhorf foreldra	20
Samstarf við grunnskóla	21
Annað samstarf	21
Skóli án aðgreiningar	23
Skólaþjónusta og sérkennsla	23
Börn með annað móðurmál en íslensku	23
Innra mat	25
Skipulag og viðfangsefni	25
Gagnaöflun og vinnubrögð	25
Opinber birting og umbætur	25
Samantekt matsþátta.	27
Samantekt.	28
Lokaorð	31
Heimildir.	32

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Akrasel er sex deilda leikskóli, staðsettur á Akranesi. Húsnæði leikskólans er snyrtilegt, rúmgott og vel skipulagt. Vinnuaðstaða starfsfólks er góð. Búið er að bæta hljóðvist í stórum hluta húsnæðis. Útileiksvæði leikskólans er stórt og býður upp á mikla möguleika til leikja og náms en komið er að viðhaldi m.a. á grasflötum, hellulögn, hliði og leikfangaskúr. Umhverfi leikskólans er vel nýtt til leikja og náms með vettvangsferðum. Stefna leikskólans er skýrt sett fram í skólanámskrá og er sýnileg í starfinu. Starfsfólk og foreldrar þekkja stefnu og áherslur leikskólans og eru ánægð með hana. Einkunnarorð leikskólans *náttúra, næring, nærvera* eru öllum kunn og speglast þau í starfinu. Þá hefur starfsfólk valið sér lykillugtökin *jákvæðni, nærvera, virðing* til að einkenna starfið og námsumhverfið. Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans og tekur matseðill mið af ábendingum landlæknisembættisins um hollustu fæðis

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Rekstraraðili leikskólans Akrasels er Akraneskaupstaður sem rekur fjóra leikskóla. Leikskólastjóri hefur starfað sem slíkur frá opnun leikskólans 2008 og aðstoðarleikskólastjóri sem jafnframt er sérkennslustjóri síðan 2016. Verkaskipting þeirra á milli er til skrifleg en birta mætti hana í starfsmannkveri. Stjórnendateymi leikskólans er myndað af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjórum og fundar stjórnendateymi vikulega. Deildarstjórar bera ábyrgð á og skipuleggja starfið á deildum í samstarfi við annað starfsfólk þar og í samráði við stjórnendateymi m.a. undirbúningstíma og vinnutímastyttingu. Til er skipurit fyrir leikskólann sem birtist í starfsáætlun en ekki í skólanámskrá eða í starfsmannakveri. Skólanámskrá og skóladagatal er birt á heimasíðu leikskólans. Við gerð skólanámskrár og starfsáætlunar þarf að huga að aðkomu allra í leikskólanum, kennara, annars starfsfólks, barna og foreldra. Starfsþróunarsamtöl eru tekin reglulega og mannauður leikskólans vel nýttur. Upplýsingaflæði í leikskólanum er gott. Mikil samhljóna ánægja er með stjórnun og stjórnendur leikskólans. Stjórnendur eru sýnilegir og aðgengi að þeim gott. Leikskólastjóri er úrræðagóður og lausnarmiðaður. Starfsandi og skólabragur er mjög góður og mikill faglegur metnaður í starfsmannahópnum. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og líður vel. Starfsmannahópurinn er samhentur, styðjandi og mikil áhersla er lögð á að starfsfólk tali hvert við annað en ekki um hvert annað. Starfsmannafélag er til og ýmsar leiðir farnar til að efla starfsandann.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Unnið er eftir hugmyndafræði um flæði, umhverfismennt og heilsueflandi leikskóla. Í skólanámskrá Akrasels er gerð grein fyrir grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár og hvernig er unnið með þau. Gerðar hafa verið námskrár fyrir hvern árgang. Umhverfi leikskólans er vel nýtt til útináms og vettvangsferða. Ævintýraferðir, jóga- og lubbastundir eru á dagskipulagi vikulega fyrir hvern hóp. Gerðar hafa verið handbækur með upplýsingum og hugmyndum að þessum stundum. Sameiginlegt dagskipulag er fyrir allan skólann en hver deildarstjóri skipuleggur og leiðir starfið á sinni deild í samvinnu við samstarfsfólk. Hlustað er á raddir allra og samstarf og samvinna starfsfólks var sýnileg á vettvangi. Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og komið er fram við þau af virðingu. Þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum. Sýnilegt er að börnunum líður vel og samskipti eru góð. Við mat á framförum barna eru notuð viðurkennd matstæki. Tækifærin til umbóta í uppeldis og menntastarfi liggja í því að auka lýðræðislega þátttöku barnanna og bæta aðgengi þeirra að námsefni.

Foreldrasamvinna¹ og ytri tengsl

Viðhorf foreldra til leikskólans er einstaklega gott. Foreldrar segja að þeir eigi góð samskipti við starfsfólk og þeim þyki viðhorf starfsfólks til barna einkennast af hlýju. Foreldrum finnst mikil fagmennska og metnaður einkenna starfið og gott að leita til bæði starfsmanna og stjórnenda. Foreldraráð er starfandi við leikskólann og vinnur það náið með leikskólastjóra. Fundargerðir eru ritaðar og birtar á heimasíðu leikskólans. Foreldrafélag er virkt og styður það vel við leikskólastarfið. Til er áætlun um samstarf leik- og grunnskóla á Akranesi. Samkvæmt starfsáætlun 2021–2022 fer fram upplýsingagjöf um börn sem fara milli skólastiga en ekki kemur fram hvaða upplýsingar fara á milli.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og heldur hann vel utan um vinnu með sérkennslubörn. Kennarar og þroskaþjálfar sinna vinnu með sérkennslubörn. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir sérkennslubörn og teymi skipuð í kringum þau. Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik. Allt starfsfólk er upplýst um þroskafrávik barna eins og við á og vel er staðið að fræðslu til starfsfólks. Góð aðstaða er fyrir sérkennslu í leikskólanum. Að mati starfsfólks er skólinn vel búinn þjálfunargögnum. Reglulegir fundir eru með sérkennslustjóra og ráðgjafaþroskaþjálfara Akraness. Sálfræðingur kemur einu sinni í mánuði í leikskólann til ráðgjafa og greiningar. Talmeinafræðingur kemur fjórðu hverju viku og er viku í senn. Iðjuþjálfari frá heilsugæslustöðinni kemur einu sinni í mánuði í tvo tíma í senn og einnig hefur leikskólinn aðgengi að sjúkraþjálfara. Ekki hefur verið gerð sérstök móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku en stuðst er við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna. Boðið er upp á túlkabjónustu á fundum og í samskiptum við foreldra af erlendum uppruna.

Innra mat

Innra mat Akrasels er kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi. Framkvæmd matsins er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa í leikskólanum. Foreldra- og starfsmannakannanir skóla og frístundasviðs Akraness eru nýttar í innra mat. Í skólanámskrá er ekki fjallað um hvernig markmið leikskólans eru metin og ekki eru til skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Skipa þarf matsteymi fyrir leikskólann með aðkomu helstu hagsmunaaðila svo sem starfsfólks, foreldra og barna. Gera þarf matsáætlun til nokkurra ára þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greiningu á styrkleikum, tækifæri til úrbóta og birta opinberlega. Gera þarf umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til úrbóta, þar sem fram koma aðgerðir, viðmið með markmiðum, tímasetningu og ábyrgðaraðilum og birta hana á heimasíðu.

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Akraseli Akranesi. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 13.–17. september 2021. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.²

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.³ Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 11. ágúst á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu fimm daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, kennara, starfsfólk, starfsfólk í sérkennslu, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og haft var samband við sviðstjóra Skóla og frístundasviðs. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.⁴ Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrir fram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

2 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

3 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

4 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Akrasel, Ketilsflöt 2 er sex deilda leikskóli á Akranesi. Leikskólinn var opnaður að hluta í ágúst 2008 en formlega og að fullu í apríl 2009. Leikskólinn Akrasel er staðsettur í íbúðahverfi en stutt er í ósnortna náttúru, skógrækt, fjöru og safnasvæði. Á deildinni Læk eru 18 börn, 12 börn fædd 2020 og sex börn fædd 2019. Á deildinni Tjörn eru 23 börn, 13 börn eru fædd 2018 og 10 börn fædd 2019. Á deildinni Mýri eru 19 börn fædd 2019. Á deildinni Kletti eru 26 börn fædd 2018. Á Gljúfri eru 23 börn fædd 2018 og á Bergi eru 42 börn fædd 2017. Í leikskólanum dvelja 150 börn, 78 stúlkur og 72 drengir. Tíu börn eru með skilgreinda sérkennslu og átta börn eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er opinn virka daga frá kl. 7:30 til 16:30. Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans.

Húsnæði og útileiksvæði

Leikskólahúsinu er skipt upp í tvær álmur, Hamra og Lindir. Í hvorri álmu eru þrjár deildir, sérkennsluherbergi og ræstikompa. Sameiginlegt fataherbergi fyrir hverja álmu er rúmgott og fatahólf barnanna vel hönnuð með þarfir þeirra í huga. Í fataherbergjum er hreinlætisaðstaða fyrir börn í útiveru. Gengið er inn í leikskólann í gegnum garðinn og fataherbergin. Hver deild samanstendur af tveimur leikstofum og hreinlætisaðstöðu. Í miðju hússins eru skrifstofa leikskólastjóra, fjölnota salur sem hægt er að skipta í tvö rými með rennihurð, eldhús, geymslur, kaffistofa starfsmanna og undirbúningsherbergi. Húsnæðið er snyrtilegt, rúmgott og vel skipulagt og er vinnuaðstaða starfsmanna góð. Sér inngangur er fyrir starfsfólk frá bílastæði inn í rúmgott fataherbergi þar sem eru læst munahólf fyrir hvern og einn. Fjögur salerni ætluð starfsmönnum eru í húsinu. Aðstoðarleikskólastjóri sem jafnframt er sérkennslustjóri hefur skrifstofu í öðrum enda hússins og sérkennari í hinum endanum. Þá nýta elstu börnin skógræktina sem er í göngufæri við leikskólann og hafa þar aðgang að húsi til að matast í. Góð hljóðvist er í leikskólanum en nýbúið er að bæta hljóðvist í meiri hluta húsnæðisins með því að setja hljóðeinangrandi plötur á vegg.

Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum. Í rýnihópi foreldra kom fram mikil ánægja með aðbúnað í leikskólanum. Þó komu fram efasemdaraddir um þá aðgerð að taka annan hluta salarins undir matstofu fyrir elstu börnin og spurning hvort sú aðgerð væri á kostnað hreyfipjálfunar.⁵ Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að kominn sé tími á að mála vegg innanhúss og endurnýja sprungnar rúður.⁶

Útileiksvæði leikskólans er stórt, það skiptist í nokkur svæði og gefur mikla möguleika til leikja og náms. Fjölbreytt landslag er í lóðinni: Hólar, brekkur og grasflatir. Afmarkað svæði er fyrir yngstu börnin. Fjölbreytt leiktæki eru til staðar og einnig eru hólar, steinar og trédrumbar nýttir. Þá er malbikuð hjólabraut, svið sem hlaðið er úr hellum og hellulagðar vatnsbrautir á stéttinni. Svæði til ræktunar á matjurtum og svæði fyrir moltutunnur. Þrjú geymsluhús eru á útisvæðinu sem hýsa hjól og útileikföng. Þá er nágrenni leikskólans mikið nýtt til útináms og vettvangsferða. Á vettvangi sáu matsaðilar að viðhaldi á lóð og leiktækjum var víða ábótavant. Í flestum rýnihópum kom fram að bæta þurfi útisvæðið svo það henti betur yngstu börnunum sem hefur fjölgað s.s. að fjölga ungbarnarólum. Einnig vanta fleiri ögrandi leiktæki fyrir eldri börnin. Lóðin hefur sigið og drenar sig ekki. Pollamyndanir hafa eyðilagt grasfleti og þegar frýs, myndast hálka. Hellur eru víða lausar og misfellur í hellulögn. Leikfangaskúr er ónýtur og farinn að fúna.⁷ Í rýnihópi foreldra kom fram að þröng innkeyrsla á bílastæði af stofnbraut valdi því að ekki er hægt að mæta þar bíl og því myndist þar umferðartappi á álagstímum. Einnig skapi þessi þrengsli vandamál þegar snjóar. Þá kom fram að staðsetning á moltutunnum sé óheppileg. Þær standi of nálægt inngangi og valdi vondri lykt í sól og hita.⁸

5 Rýnihópur foreldra.

6 Rýnihópur deildarstjóra.

7 Rýnihópar deildarstjóra og starfsfólks.

8 Rýnihópur foreldra.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 47 starfsmenn í 40.65% stöðugildum. 44 konur og tveir karlmenn. Auk þeirra eru tveir starfsmenn á vegum átaksverkefnisins „Vinna fyrir alla“. Stjórnendateymi er myndað af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sem jafnframt er sérkennslustjóri og deildarstjórum sem eru allir með kennaramenntun utan einn sem er með aðra háskólamenntun. Á Bergi, deild fyrir 42 elstu börn leikskólans, eru starfandi tveir deildarstjórar.

Leikskólastjóri hefur starfað sem slíkur í Akraseli síðan 2008 er leikskólinn var opnaður og aðstoðarleikskólastjóri síðan 2016. Leikskólastjóri er með leyfisbréf kennara og MS-gráðu í menningar- og menntastjórnun. Aðstoðarleikskólastjóri er með leyfisbréf kennara og viðbótarnám í sérkennslu. Leikskólastjóri er í 100% stjórnunarstöðu og aðstoðarleikskólastjóri í 50% stöðu sem slíkur og í 50% stöðu sem sérkennslustjóri. Hlutfall 0,25% sem stendur af stöðu sérkennslustjóra nýtist sérkennara í 100% stöðu. Þá starfa fjórir þroskaþjálfar við sérkennslu. Starfsmenn með aðra háskólamenntun eru fimm, einn er leikskólaliði og leiðbeinendur án háskólamenntunar eru 17. Af þeim eru tveir í háskólanámi, annar í uppeldisfræði og hinn í leikskólakennarafræðum. Þrír starfsmenn starfa í eldhúsi leikskólans í 2,50% stöðugildum en eldhúsið eldar einnig fyrir Fjöliðjuna á Akranesi. Þrír starfsmenn eru í afleysingu. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um það að minnst $\frac{2}{3}$ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skuli teljast til stöðugilda kennara. Fjórir leikskólakennarar eru í fæðingarorlofi og einn leikskólakennari í ársleyfi.

Hugmyndafræði og áherslur

Einkunnarorð leikskólans eru: *Náttúra, næring, nærvera*. Einkunnarorðin eru víða sýnileg s.s. í skólanámskrá, starfsáætlun og sem hluti af merki (logo) leikskólans. Einkunnarorðin eru einnig á hliði leikskólans þegar gengið er inn í garðinn. Einkunnarorðin segja til um áherslur leikskólans og í rýnivíðtölum bæði starfsfólks og foreldra þekktu flestir einkunnarorðin og gátu sagt fyrir hvað þau stæðu. Í Akraseli er lögð áhersla á umhverfismennt og er leikskólinn Grænfánaskóli sem hefur fengið Grænfánann afhentan fimm sinnum og stefnir að því að fá hann afhentan í sjötta sinn í lok árs. Einnig er leikskólinn þátttakandi í Bláfána verkefni Akraneskaupstaðar undir stjórn umhverfisstjóra.⁹ Til hliðsjónar öllu starfi er unnið eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem er alþjóðlegur vegvísir að sjálfbærri þróun til að tryggja jarðarbúum betra líf án þess að fara illa með jörðina.¹⁰ Mikið er farið í vettvangsferðir, ævintýraferðir og umhverfi leikskólans nýtt til leiks og náms. Í Akraseli er lögð áhersla á hollt mataræði og stuðst við handbók leikskólaeldhúss og ráðleggingar um mataræði frá landlækni og er matseðill metinn af næringarfræðingi reglulega.¹¹ Akrasel er þátttakandi í verkefninu: *Heilsueflandi leikskóli* síðan 2019.¹² Jóga er fastur liður í dagskránni þar sem börnin þjálfa sig í að tengja saman huga og líkama, þau læra m.a. að setja öðrum mörk og virða þau mörk sem aðrir setja.¹³ Námsumhverfi og viðfangsefni eru skipulögð út frá aðalnámskrá leikskóla 2011 og í Skólanámskrá Akrasels kemur vel fram hvernig námsþættirnir birtast í starfi leikskólans.¹⁴ Í starfi er tekið mið af *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* og er Akrasel nýorðinn UNESCO leikskóli en félag Sameinuðu þjóðanna sér um innleiðingu hér á landi í samvinnu við UNESCO nefndina á Íslandi.¹⁵ Stuðst er við kenningar John Dewey um lýðræði í leikskólastarfi. Þá er lögð áhersla á opinn efnivið og er Akrasel í þróunarvinnu með kenningar Mihaly Csikszentmihaly um flæði. Starfsfólk hefur valið sér lykilhugtök: *Jákvæðni, nærvera, virðing* sem eiga að einkenna starfið og námsumhverfið. Á vettvangi birtust þessir þættir vel í starfi að mati matsaðila.¹⁶ Á vettvangi og í rýnihópum kom fram að starfsfólk er mjög meðvitað um og ánægt með stefnu leikskólans og gátu allir nefnt áhersluþættina.¹⁷ Í rýnihópi foreldra kom fram mikil ánægja með stefnu leikskólans og þeir telji að unnið sé í samræmi við það sem sagt er.¹⁸

9 Starfsáætlun Akrasels 2020–2021.

10 Skólanámskrá Akrasels.

11 Skólanámskrá Akrasels.

12 Rit: Akrasel, heilsueflandi leikskóli.

13 Skólanámskrá Akrasels.

14 Skólanámskrá Akrasels.

15 Starfsáætlun Akrasels 2021–2022.

16 Vettvangsathugun.

17 Rýnihópur deildarstjóra, kennara og starfsfólks.

18 Rýnihópur foreldra.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er snyrtilegt, rúmgott og vel skipulagt og uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Sér inngangur er fyrir starfsfólk inn í fataherbergi.
- Góð hljóðvist er í húsinu.
- Vinnuaðstaða starfsmanna er góð.
- Útileiksvæðið er stórt, búið fjölbreyttum leiktækjum og býður upp á fjölbreytta möguleika til náms og leikja.
- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð og lykilhugtök.
- Stefna leikskólans og gildi eru skýrt sett fram í skólanámskrá og sýnileg í starfi hans.
- Starfsfólk þekkir stefnu og gildi leikskólans og getur bent á leiðir til að framfylgja þeim.
- Foreldrar þekkja stefnu og gildi leikskólans og telja markvisst unnið með þetta.
- Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar það að minnst 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Skipta þarf um sprungnar rúður.
- Brýnt er að bæta viðhald á útileiksvæði leikskólans.
- Skoða ætti hvort hægt sé að breyta innkeyrslu að leikskólanum til að létta aðkomu á álagstímum.
- Skoða ætti hvort finna megi moltutunnum annan stað fjær inngangi leikskólans.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Akrasels er Akraneskaupstaður sem rekur fjóra leikskóla. Á vegum sveitafélagsins starfar skóla- og frístundaráð sem fer með málefni leikskólans í umboði sveitarstjórnar. Skóla- og frístundaráð er skipað þremur fulltrúum og þremur til vara. Skóla- og frístundasvið hefur m.a. umsjón með faglegu leikskólastarfi, sérfræðipjónustu, biðlistum og innritun leikskóla.¹⁹ Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Í símaviðtali við sviðsstjóra kom fram að bæði formleg og óformleg samskipti við leikskólastjóra séu mjög góð, hann er lausnarmiðaður í stjórnun og tekst vel á við áskoranir. Vinnustaðargreining á vegum Akraneskaupstaðar leiðir í ljós að starfsfólk er ánægt í starfi og að vel er tekið á móti nýju starfsfólki.²⁰ Sviðsstjóri fundar með leikskólastjórum einu sinni í mánuði og einnig situr fulltrúi leik- og grunnskólastjóra í skóla- og frístundaráði.²¹

Til er skólastefna Akraneskaupstaðar síðan 2013 en mótun menntastefnu Akraneskaupstaðar hófst í byrjun árs 2020 og er sú vinna enn í gangi. Læsisstefna leikskólanna á Akranesi kom út 2020 og var hún unnin af starfshópi um læsi sem í sátu aðstoðarleikskólastjórar á Akranesi en þeir eru jafnframt sérkennslustjórar. Sami starfshópur vann einnig rit með áherslum í málörvun fyrir foreldra.²²

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Akrasels var endurskoðuð vorið 2021 en kom fyrst út 2011. Skólanámskrá er birt á heimasíðu leikskólans. Leikskólastjóri hafði frumkvæði að endurskoðun á skólanámskrá og segir hann ásamt aðstoðarleikskólastjóra, allt starfsfólk hafa komið að þeirri vinnu og foreldraráð með því að veita umsögn.²³ Þátttakendur í rýnihópi deildarstjóra og kennara komu að gerð skólanámskrár í umræðuhópum á skipulagsdögum og starfsmannafundum.²⁴ Þátttakendur í rýnihópi starfsmanna könnuðust ekki við að hafa komið að vinnu við gerð skólanámskrár.²⁵ Foreldrar sögðust ekki hafa komið að gerð skólanámskrár.²⁶ Í skólanámskrá Akrasels er ekki tilgreint hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða skólastiga og þá er ekki getið hvort foreldrar og börn hafi tekið þátt í mótun skólanámskrár. Samkvæmt aðalnámskrá á enn fremur að koma fram í skólanámskrá hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati.²⁷ Starfsáætlun fyrir 2021–2022 ásamt skóladagatali liggur fyrir og er birt á heimasíðu leikskólans. Deildarstjórar og kennarar töldu sig hafa komið að gerð starfsáætlunar að einhverju leyti.²⁸ Starfsmannakver sem inniheldur hagnýtar upplýsingar fyrir starfsfólk er til og aðgengilegt starfsfólki svo og eineltisáætlun en hún er ekki á heimasíðu. Þá hafa verið útbúar hinar ýmsu handbækur og eru þær aðgengilegar á deildum. Aðrar áætlanir sem liggja fyrir og eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans eru: Jafnréttisáætlun leikskóla 2019–2021, Brunaáætlun Akrasels, foreldrahandbók, Akrasel, heilsueflandi leikskóli svo og ýmsar handbækur um starfið. Verið er að vinna í nýrri heimasíðu fyrir leikskólann og eru upplýsingar þar enn af skornum skammti.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi Akrasels er myndað af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra sem jafnframt er sérkennslustjóri og deildarstjórum. Fundir í stjórnendateymi eru vikulega og eru hluti af undirbúningstíma deildarstjóra.²⁹ Til er skipurit fyrir leikskólann sem birtist í starfsáætlun en ekki í skólanámskrá eða í starfsmannakveri. Skráðar eru fundargerðir sem eru aðgengilegar starfsmönnum í kaffistofu og á deildum. Deildarstjórar bera ábyrgð og skipuleggja uppeldis- og menntastarfið á deildum í samstarfi og samráði við stjórnendateymið m.a. vinnutímastyttingu og undirbúningstíma. Í rýnihópum kom fram að undirbúningstímar falli nánast aldrei niður.³⁰ Í rýnihópi kennara kom fram að þó deildarstjórar stýri deildum þá er skipulagning starfsins samvinna starfsmanna. Áhugasvið hvers starfsmanns fái að njóta sín. Ef einhver fær hugmynd þá er hann hvattur til að prófa hana.³¹ Leikskólastjóri og/eða aðstoðarleikskólastjóri tekur stöðuna í starfsmannahaldi að morgni og skráir á

19 Heimasíða Akraneskaupstaðar.

20 Símaviðtal við Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

21 Viðtal við leikskólastjóra.

22 Heimasíða Akraneskaupstaðar.

23 Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

24 Rýnihópar deildarstjóra og kennara.

25 Rýnihópur starfsfólks.

26 Rýnihópur foreldra.

27 Skólanámskrá Akrasels.

28 Rýnihópar deildarstjóra og kennara.

29 Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra.

Rýnihópur deildarstjóra.

30 Rýnihópur deildarstjóra, kennara.

31 Rýnihópur kennara.

upplýsingartöflu í fataherbergi starfsmanna þar sem deildarstjórar sækja upplýsingar og skipuleggja sína deild út frá því. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri segja að verkaskipting þeirra á milli sé bæði formleg og skrifleg. Í rýnihópi deildarstjóra sögðu þátttakendur að verkaskipting stjórnenda væri skýr en voru ekki vissir um að hún væri skrifleg.³² Verkaskipting stjórnenda kemur ekki fram í starfsmannakveri Akrasels.³³ Í rýnihópum var samhljómur um að gott upplýsingarstreymi væri í leikskólanum. Upplýsingar eru veittar á skipulagsdögum, starfsmanna- og deildarfundum og í fundargerðum. Upplýsingatafla er á starfsmannagangi og í fataklefum og svo er facebook-síða starfsmanna. Þá er rafræn samskrá fyrir það starfsfólk sem fær undirbúningstíma.³⁴

Skipulagsdagar eru fimm á leikskólaárinu og fimm starfsmannafundir. Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir leikskólaárið og kemur sú áætlun fram í starfsáætlun Akrasels. Dagskrá skipulagsdaga og starfsmannafunda er send út fyrir fram og fundargerðir ritaðar. Skipulagsdagar eru samræmdir við skipulagsdaga grunnskólans. Deildarfundir eru að meðaltali einu sinni í mánuði oft í dagvinnutíma en stundum sem hluti af starfsmannafundi. Fundargerðir eru ritaðar.³⁵ Einu sinni á önn eru vinnufundir deilda, Hamrar og Lindir mæta samtímis og taka samráð og í framhaldi af því er deildarskipt vinna.³⁶

Við ráðningu nýs starfsfólks er fylgt lögum nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að sækja upplýsingar úr sakaskrá um mögulegt brot á ákvæðum xxll. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 95/2019.³⁷ Ekki er til skráð verklag um móttöku nýrra starfsmanna. Aðstoðarleikskólastjóri gerir ráðningarsamning og leikskólastjóri tekur nýtt starfsfólk í viðtal eftir u.þ.b. mánuð í starfi. Deildarstjóri leiðbeinir nýju starfsfólki í byrjun og fer yfir barnahópinn og skipulag.³⁸ Í rýnihópi kennara kom fram að bæti megi móttöku nýs starfsfólks.³⁹

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka saman starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk einu sinni ári. Aðstoðarleikskólastjóri hefur þá hlutverk ritara. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fara í viðtal við sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs einu sinni á ári. Deildarstjórar eiga formlegt samtal við sitt starfsfólk einu sinni á ári.

Leikskólastjóri heldur einungis utan um endurmenntun sem leikskólinn sér starfsfólki fyrir, en starfsfólkið heldur sjálfst utan um sína starfsþróun.⁴⁰ Í starfsáætlun Akrasels er gerð grein fyrir hvaða símenntun leikskólinn hafði í boði á síðasta leikskólaári og áætlun um símenntun í leikskólanum á þessu leikskólaári.

Fagleg forysta

Í viðtali segir leikskólastjóri styrk sinn liggja í því hve auðvelt hún eigi með að tala við fólk. Hún segist vera fljót að lesa í aðstæður og bregðast við. Hún segist fara mikið inn á deildir til að fylgjast með, í afleysingar og aðstoða í fataklefa. Hún segist veita starfsfólki endurgjöf, sest gjarnan niður með því og gefur því tækifæri til samtals. Hún segir það skipti sig miklu máli að samskipti séu opin og heiðarleg og að allir gangi frá borði með reisu. Hún segist eiga mjög gott samstarf við starfsfólk en sé oft of fljót til að þjóna og gera fyrir aðra.⁴¹ Aðstoðarleikskólastjóri segist vilja hreinskiptin samskipti og geta sagt það sem hún þarf að segja. Hún segist sýna umhyggju og starfsfólk geti komið og „blásið“ hjá sér. Hún segist fara mikið inn á deildir og veita endurgjöf og ráðgjöf. Hún segist hlusta á fólk og að allir fái að hafa rödd og samskipti séu góð. Börnin hafi gott aðgengi að sér og komi oft og kíkí á sig.⁴² Í rýnihópum kom fram mikill samhljómur og ánægja með stjórnendum. Leikskólastjóri sé góður stjórnandi og úrræðagóður. Stjórnendur vinni vel saman, séu aðgengilegir, sýnilegir og treysti starfsfólki. Stjórnendur koma mikið inn á deildir og taka strax á málum. Mikil fagmennska, metnaður og sveigjanleiki er í leikskólanum, þekking starfsmanna og mannauður er vel nýttur og starfsfólk er stolt af starfi sínu.⁴³ Foreldrar sögðu stjórnun leikskólans vera til fyrirmyndar. Leikskólastjóri sé faglegur og lausnarmiðaður með einstaklega

32 Rýnihópur deildarstjóra.

33 Starfsmannakver Akrasels.

34 Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra. Rýnihópar deildarstjóra, kennara og starfsmanna.

35 Rýnihópur deildarstjóra og starfsfólks.

36 Viðtal við leikskólastjóra.

37 Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

38 Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Rýnihópur deildarstjóra.

39 Rýnihópur kennara.

40 Viðtal við leikskólastjóra.

41 Viðtal við leikskólastjóra.

42 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

43 Rýnihópar deildarstjóra, kennara og starfsfólks.

gott viðmót. Stjórnendur séu mjög sýnilegir, aðgengi að þeim gott og þeir þekki nöfn allra barna og starfsmanna.⁴⁴ Börnin sögðu: „Leikskólastjórinn heitir Anney, við höfum hitt hana svo oft. Hún stjórnar og passar að við séum ekki óþæg og að við meiðum okkur ekki. Hún kemur inn á deild og passar okkur smá stund og spjallar við kennarana. Hún fylgist með í tölvunni og sér hvort einhver sé að koma“.⁴⁵

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að skólabragur og starfsandi væri mjög góður og afslappað andrúmsloft. Einnig kom það vel í ljós á vettvangi. Starfsmannahópurinn er samhentur, mikill stuðningur er í hópnum, gleði og einlægni ríkir og starfsfólki líður vel. Allir eru hvattir til að tjá sig og starfsfólk tjáir skoðanir sínar. Ekki er menning fyrir baktali og mikil áhersla er lögð á að fólk tali hvert við annað en ekki um hvert annað.⁴⁶ Ýmsar leiðir eru farnar til að efla starfsandann. Í fyrravetur í covid-álagi upplifðu stjórnendur þreytu í starfsmannahópnum, þá voru útbúnar litlar óvæntar föstudagsgjafir í nokkrar vikur til að létta lundina. Starfsmannafélag er í leikskólanum sem stendur fyrir ýmiskonar viðburðum s.s. jólahlaðborði, óvissuferðum og samkomum af ýmsu tagi. Starfsfólk greiðir ákveðna upphæð í starfsmannasjóð sem stendur undir ýmsum kostnaði m.a. við stórafmælisgjafir. Einnig gefur starfsmannafélagið til samfélagsins. Starfsmannahópurinn stefnir á námsferð erlendis næsta sumar.⁴⁷ Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að þeir upplifi að samfélagið meti starfsfólk leikskóla ekki alltaf að verðleikum. Yfirvöld átti sig ekki alltaf á því sem er að gerast í leikskólanum.⁴⁸

Styrkleikar

- Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann, skýr verkaskipting er á milli stjórnenda og deildarstjóra sjá um að skipuleggja deildarstarfið.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsfólk.
- Unnin hefur verið læsisstefna fyrir leikskóla Akraness.
- Samningsbundnir undirbúningstímar falla aldrei niður.
- Mannauður starfsfólks er nýttur og hlustað er eftir skoðunum allra.
- Unnið hefur verið skipurit Akrasels.
- Leikskólastjórnendur eru sýnilegir í starfi og gott aðgengi að þeim.
- Mikil ánægja er með stjórnendur og stjórnun leikskólans.
- Mikill metnaður er í starfi og er starfsfólk stolt af starfi sínu og líður vel

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu Auka þarf aðkomu barna, foreldra og starfsfólks að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Í skólanámskrá þarf að gera grein fyrir hvernig staðið er að færslu og aðlögun barna á milli skólastiga og hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla, hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati.
- Gera mætti skriflega verkaskiptingu stjórnenda sýnilega í starfsmannakveri.
- Vinna ætti skriflegt verklag um móttöku nýrra starfsmanna.
- Samræmi ætti að vera á milli umbótaáætlunar innra mats og símenntunaráætlunar starfsfólks.

44 Rýnihópur foreldra.

45 Rýnihópur barna.

46 Rýnihópar deildarstjóra, kennara og starfsfólks.

47 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

48 Rýnihópur deildarstjóra.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum námsaðstæðum og er allt húsnæði nýtt mjög vel. Hver deild hefur heimastofu og aðra innri stofu sem er minni auk hreinlætisaðstöðu. Teppamottur eru á gólfum sem gefa umhverfinu hlýlegt yfirbragð og á veggjum eru stórar myndir sem eru sérstaklega gerðar til að bæta hljóðvist. Elsta deildin hefur auk þessa eina aukastofu og helminginn af salnum til afnota en þar er matstofa fyrir börnin. Einnig nota þau þetta svæði til listsköpunar. Aðrar deildir sinna listsköpun inni á deildum. Eftir miðju húsinu er gangur sem börnin nýta til leikja. Hjá eldri börnunum er þarna meðal annars taflborð og dúkkuhús en hjá yngri börnunum eru þrautabretti á veggjum sem þau geta staðið við og leikið sér. Einnig er í boði að fara með annað leikefni á ganginn. Fyrir enda gangsins hjá eldri börnunum er svæði sem nýtt er fyrir hlutverkaleik en hjá yngri börnunum er svæðið nýtt meðal annars fyrir kerrur þeirra á aðlögunartíma. Einnig nýtir starfsfólk rýmið til að fara með lítinn hóp í afmörkuð verkefni. Á ganginum er bókasafn á tveim stöðum en þar eru bækurnar flokkaðar fyrir eldri og yngri börn. Einnig er á ganginum skápur með kennslugögnum sem ætluð eru til sérkennslu, aðgengileg öllu starfsfólki. Á öllum deildum eru borð og stólar í tveimur hæðum. Hver deild borðar inni á sinni deild en elsta deildin er með flæði í matartímum. Á öllum deildum eru eins innréttingar og húsbúnaður. Skúffuskápar eru á öllum deildum þar sem hvert barn hefur skúffu til afnota. Sófar eru á öllum deildum. Skilrúm, húsgögn og skúffuskápar er notað til að skipta rýminu í minni svæði og skapa möguleika á að vinna með minni barnahópa. Í innri stofu er gott rými til hreyfi-, hlutverka- og ærslaleikja. Gætt er að því að jafnvægi sé á milli borð- og gólfleikja hjá börnunum og hjá þeim yngri eru það lág borð að börnin geta staðið við leik.

Mikið er til af fjölbreyttum opnum efnivið eins og kubbum en hann er ekki sýnilegur og aðgengi barna að honum er lítið og fer það eftir aldri þeirra hve mikið aðgengið er. Á öllum deildum eru lokaðir skápar með skúffum sem ekki sést ofan í nema draga út. Þessir skápar eru aðallega nýttir fyrir leikföng. Einnig eru leikfangaskúffuskápar með plastgleri. Á yngri deildunum er mestallur efniviður geymdur inni í skáp þar sem börnin hvorki sjá hann né ná til hans. Starfsfólk ákveður hvað er í boði hverju sinni fyrir börnin. Á eldri deildum er leikefnið aðeins sýnilegra, púsl og spil eru í opnum hillum og litir eru einnig sýnilegir. Börnin á eldri deildunum eru jafnframt meðvitaðari um hvað er inni í skápum og vita að þau geta beðið um að fá það sem þau vilja og geta jafnframt nálgast það sjálf. Leikfangageymsla er á ganginum og kom fram í rýnihópum að elstu börnin vita hvað er þar og geta beðið um að fá að sækja leikföng þangað. Einnig eru þau stundum með í ráðum þegar skipta á út leikföngum.

Ein deild skar sig úr hvað þetta varðar en þar er leikefnið sýnilegt og aðgengi barnanna að því gott. Þar eru hilluskápar með körfum sem í er efniviður eins og kubbar og fleira. Einnig var gott aðgengi að púslu og spilum þar.

Fyrir Covid var innri stofa á einni deildinni notuð sem listasmíðja fyrir allan skólann. Í Covid máttu börn og starfsfólk ekki fara á milli deilda og fór þá hver deild að skapa sér sína aðstöðu til listsköpunar og er það þannig í dag. Í listaskála hjá elstu börnunum er efniviðurinn ekki sýnilegur en hann er geymdur í plastkössum í skúffum inni í skáp. Hinar deildirnar hafa málningu og efnivið til listsköpunar inni í skáp á deildinni en það er ekki aðgengilegt börnunum.

Á öllum deildum er karfa með bókum sem börnin hafa aðgang að. Fram kom hjá starfsfólki að verið væri að takmarka aðgengi barnanna að bókum vegna þess að þau gangi svo illa um þær. Stafróf sem tengist verkefninu *Lubbi finnur málbein* er sýnilegt á elstu deildinni en annað ritmál er ekki mjög sýnilegt í umhverfinu. Salur er vel búinn til grófhreyfipjálfunar og er það meðal annars klifurveggur.

Dagskipulag er opið og sameiginlegt fyrir allan leikskólann þar sem fastir tímar eru: morgunverður, hádegisverður, samverustund/hópastarf, hvíld og síðdegishressing. Síðan skipuleggur hver deild sitt dags- og vikuskipulag út frá barnahópnum hverju sinni.

Starfshættir

Í skólanámskrá segir að einkunnarorð leikskólans séu *Náttúra-Næring-Nærvera*. Markmið náttúru er að börn og starfsfólk fái notið náttúrunnar, upplifi hana af eigin raun og læri að njóta hennar sér til gleði og aukins þroska. Með næringu er leitast við að bjóða upp á hollan, ferskan og næringarríkan mat. Jóga er ein af uppeldisleiðum leikskólans og er þar talað um að vinna með vinsamlega snertingu. Lögð er áhersla á að börnin læri að setja öðrum mörk og virða þau mörk sem aðrir setja.⁴⁹ Í hópastarfi, þar sem ákveðin starfsmaður sér um ákveðin hóp barna, er meðal annars unnið með þessar áherslur.

Unnið er eftir hugmyndafræði um flæði, umhverfismennt og heilsueflandi leikskóla. Flæðið birtist aðalega í því að börnin fá að velja sér svæði innan sinnar deildar til að leika á. Tveir elstu árgangarnir fá einnig að flæða á milli deilda við ákveðnar aðstæður. Umhverfismenntin skipar stóran sess í starfi leikskólans og eiga vettvangsferðir stóran þátt í því. Í dagskipulagi deilda er áætlað að öll börn fari í vettvangsferð sem kallast Ævintýraferðir einu sinni í viku og elstu börnin fara tvisvar í viku. Leikskólinn hefur aðgang að húsi í skógræktinni þrjá daga í viku og þangað fara þrír elstu hóparnir. Hver hópur einu sinni í viku. Farið er eftir morgunmat og dvalið fram yfir hádegismat. Börnin borða á staðnum og er þeim færður matur úr leikskólanum. Til er vagn fyrir matarilát og annað sem börnin vilja taka með sér þann daginn. Einnig á leikskólinn kerrur fyrir sex börn til að nota í vettvangsferðum með yngri börnin og tvíhjól með sætum þar sem fullorðnir geta hjólað með fjögur börn í einu. Búið er að gera handbók fyrir starfsfólk um umhverfismennt og ævintýraferðir en þar kemur fram hvert er hægt að fara og hvað er hægt að skoða og gera á svæðinu. Unnið er eftir svokölluðu lotukerfi en þá er unnið með afmarkað verkefni í hópastarfi í viku til mánuð í senn. Samkvæmt þessu lotukerfi er unnið með *Lubbi finnur málbein* daglega í tvær vikur á fimm vikna fresti. Búið er að gera árgangaskipta handbók fyrir starfsfólk með hugmyndum um hvað er hægt að gera í Lubbastundum. Í hópastarfi er einnig unnið með þemaverkefni. Hlustað er eftir áhuga barnanna á viðfangsefnum og reynt að tengja þemað við það. Unnið er með svokallaða könnunaraðferð. Könnunarleikur er hjá yngstu börnunum.⁵⁰

Gerðar hafa verið námskrár fyrir hvern árgang þar sem fram kemur dagskipulag og helstu áhersluatriði og verkefni leikskólaársins, auk hagnýtra upplýsinga.⁵¹

Vegna fjölda barna í elsta árgangi starfsárið 2021–2022 borða þau í matstofu sem er í öðrum helmingi salarins. Tæplega helmingur deildarinnar byrjar að borða og þegar barn er búið að borða fer það inn á deild og býður næsta barni að fara. Notaðar eru ljósmyndir af börnunum sem færðar eru á milli svæða á loðtöflu. Á svæðin er merkt hver hefur borðað og hver á eftir að borða. Með þessu er það gert sýnilegt fyrir börn og starfsfólk. Á hinum deildunum er borðað á fjórum til fimm borðum og starfsfólk situr til borðs með börnunum. Mikil umræða á sér stað um matarsóun og það að fá sér ekki of mikið á diskinn.

Deildarstjórar leiða uppeldis- og menntastarfið á deildum, leiðbeina ófaglærðu starfsfólki og skipuleggja dreifingu starfsmanna á vinnusvæði. Í samskiptum starfsfólks við börnin er lögð áhersla á umhyggju, virðingu og jákvæðni og að hlusta á þau. Á vettvangi mátti sjá að starfsfólk var nálægt börnunum við leik og beygði sig niður til þeirra til að ná augnsambandi. Einnig sat starfsfólk við borð til að fylgjast með og taka þátt í leik barnanna. Jafnframt sat starfsfólk á gólfinu. Sjá mátti virka hlustun hjá flestu starfsfólki á vettvangi. Starfsfólk sýndi börnunum áhuga, leiðbeindi, spjallaði við þau og hvatti. Í rýnihópum kom fram að gott samstarf er á milli deilda og að gott sé að leita til samstarfsfólks um hugmyndir og ráð. Starfsfólk telur að það fái tækifæri til að sýna frumkvæði og bera ábyrgð. Í rýnihópum kom skýrt fram að starfsfólk telur sig fá frelsi og hvatningu til að framkvæma hugmyndir sínar.⁵² Í rýnihópum kom fram að mikil og góð samvinna er meðal starfsfólks í leikskólanum. Deildarfundir og starfsmannafundir eru nýttir til að ræða uppeldisstarfið og starfsfólk sagði að það hefði tækifæri til að koma með sína sýn og að allar hugmyndir væru ræddar.⁵³

Í rýnihópum kom einnig fram að verið er að vinna að samræmdu verklagi varðandi börn með krefjandi hegðun. Komin eru drög að agastefnu sem nú er í yfirlestri hjá starfsfólki. Starfsfólk nefndi samt dæmi um verklag eins og að færa sig í hæð barnanna og ná augnsambandi við þau og gefa þeim skýr, jákvæð skilaboð og einföld fyrirmæli.⁵⁴ Unnið er með myndrænt dagskipulag fyrir öll börn.

49 Skólanámskrá Akrašels.

50 Rýnihópur deildarstjóra.

51 Heimasiða Akrašels.

52 Rýnihópar deildarstjóra, kennara og starfsfólks.

53 Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Rýnihópar starfsfólks, kennara og deildarstjóra.

54 Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Rýnihópar starfsfólks, kennara og deildarstjóra.

Í rýnihópi foreldra kom fram að þeim finnist metnaður ríkja í leikskólanum og að starfsfólk vinni af fagmennsku.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í jafnréttisáætlun Akrasels er meðal annars talað um að drengir og stúlkur skuli fá sömu hvatningu til að takast á við áskoranir og verkefni í daglegu lífi og námi. Í skólanámskrá Akrasels er jafnframt fjallað um lýðræði og jafnrétti í skólasterfi og leiðir að því.⁵⁵ Í daglegu starfi leikskólans er ekki unnið markvisst að lýðræðisþátttöku barnanna. Helst má sjá lýðræðislega þátttöku hjá eldri börnunum í flæði en þá mega þau velja sér svæði og viðfangsefni. Yngri börnin fá að velja á milli verkefna sem starfsfólk hefur þegar sett fram. Í rýnihópum kom fram að börnin mega skipta um viðfangsefni en fyrst þurfi þau að ganga frá.⁵⁶ Á haustin þegar hópastarf byrjar velja börnin nafn á hópinn sinn. Þau koma með uppástungur að nafni sem síðan er kosið um. Að öðru leyti er hópastarf skipulagt af kennurum og er fyrir fram ákveðið hvað á að gera í hverri stund.⁵⁷ Í rýnihópum kom fram að eldri börnin fái stundum að kjósa um hvert er farið í ævintýraferðum og að hlusta sé á hugmyndir barnanna og reynt að framkvæma þær þó síðar verði.⁵⁸ Í rýnihópi barna kom fram að þau megi ráða hvar þau leika sér. Þau mega ráða hvort þau fara í cosy stofu en það er bannað að rápa. Einnig sögðu börnin að kennararnir ráði hvert er farið í ævintýraferðum. Í vinnu við jólagjafir fá börnin að koma með sínar hugmyndir og eru þau aðstoðuð við að útfæra og framkvæma þær. Börnin gátu nefnt reglur sem eru í skólanum en þær eru ekki sýnilegar. Starfsfólk sagði að börnin hefðu komið að því að móta þær með samræðum. Í rýnihópi nefndu börnin nokkrar reglur eins og að bannað væri að meiða og stríða og bannað hlaupa á ganginum. Börnin koma lítilega að mati á skólasterfi með því að elstu börnin eru spurð um líðan og áhugasvið. Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar og daglegar athafnir eru nýttar til náms og samskipta. Börn eru hvött til að deila reynslu sinni og hugmyndum bæði í samverustundum og í matartímum. Á vettvangi sáu matsaðilar að starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin og ræða við þau. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar til dæmis til að klæða sig í og úr í fataklefa. Í matmálistíma fá börnin að skammti sér sjálf eftir aldri og þroska.

Námssvið

Í skólanámskrá er fjallað um öll námssvið aðalnámskrár, hvernig þau fléttast saman og hvernig er áætlað að vinna með þau í leikskólasterfinu. Í árganganámskrá er fjallað um hvernig vinna á með hvert námssvið fyrir sig. Gerð hefur verið læsisstefna leikskóla á Akranesi en þar er fjallað um fimm áhersluþætti í málörvun og læsi. Þeir eru hlustun, orðaforði og málskilningur, máltjáning, hljóðkerfisvitund, stafabekking og ritun. Gerð er áætlun um hvernig vinna skuli að þessum þáttum fyrir hvern aldur.⁵⁹ Í skólanámskrá segir að læsi snúist um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og sé því félagslegt í eðli sínu.⁶⁰ Í Akraseli er unnið með læsi í gegnum daglega samveru, lestur og spjall í samverustundum. Börnin eru hvött til frásagnar og samræðna við hinar ýmsu athafnir daglegs starfs svo sem við matarborðið, í samverustundum, í fataklefa og fleira. Á afmæli barnanna koma þau með ljósmynd að heiman og segja frá upplifun eða hvað er að gerast á myndinni. Unnið er með verkefnið *bókaormurinn* en þá fær barn að velja sér bók sem lesin er fyrir þau heima í eina viku. Foreldrið er beðið um að skrá orð sem barnið þekkir ekki og ræða um það við barnið. Síðan kemur barnið með bókina í leikskólann og segir frá henni í samverustund og hún er lesin. Á eldri deildunum er stjarna vikunnar. Í lok viku er eitt barn útnefnt stjarna vikunnar. Stjarna vikunnar fer heim með bangsa og bók sem fylgir honum. Foreldrar skrifa frásögn frá helginni í bókina og á mánudegi er það lesið og barnið segir frá. Síðan er tekið viðtal við barnið þar sem spurt er fyrir fram ákveðinna spurninga. Eftir áramót er unnið svipað með yngri börnin en þá fara börnin með lubba heim og foreldrar skrifa frásögn sem lesin er fyrir hópinn á mánudegi. *Orðspor* eru notuð en það er fótafar með myndum og orðum og eru þau fest á gólfið þar sem þau eru sýnileg börnum, starfsfólki og foreldrum. Á vettvangi sáu matsaðilar þetta en þá var verið að vinna með orð sem tilheyra líkamanum. Í samverustundum er veðurfræðingur dagsins en börnin skiptast á að vera í því hlutverki. Veðurfræðingurinn athugar hvernig veður er úti og börnin spjalla um það og ræða meðal annars um hvernig eigi að klæða sig eftir veðri. Veðurlýsingin er einnig sjónræn. Unnið er með *Lubbi*

55 Skólanámskrá Akrasels.

56 Rýnihópar deildarstjóra og barna.

57 Rýnihópur deildarstjóra, kennara og starfsfólks.

58 Rýnihópur deildarstjóra, kennara og starfsfólks.

59 Læsisstefna leikskólanna á Akranesi.

60 Skólanámskrá Akrasels.

finnur málbein í hópastarfi. Ritmál var lítið sýnilegt á leiksvæði barnanna en bókstafir voru aðeins sýnilegir á elstu deildinni. Tölustafir eru mjög sýnilegir á öllum deildum. Skráningar með frásögnum barnanna voru sýnilegar. Aðgengi barna að bókum er lítið en til er gott bókasafn.

Heilbrigði og vellíðan barnanna er styrkt með ýmsum hætti, bæði í frjálsum leik og í skipulögðu starfi. Á öllum deildum er aðstaða til að hvílast að loknum hádegisverði og gert er ráð fyrir að öll börn hvílist. Í dagskipulagi er gert ráð fyrir að öll börn fari út að minnst kosti einu sinni á dag. Vettvangsferðir eru á dagskipulagi einu sinni til tvisvar í viku eftir aldri barna og er það í tengslum við Grænfánaverkefnið.⁶¹ Aðstaða er til hreyfipjálfunar í leikskólanum og er séð til þess að hver deild hafi aðgengi að henni vikulega. Ein af námsleiðum leikskólans er jóga og er það á dagskipulagi deilda.

Allt sorp er flokkað og endurunnið. Lífrænn úrgangur annar en kjöt og fiskur fer í jarðvinnslutunnur til moltugerðar og aðstoða börnin við það að fara með úrganginn í tunnurnar. Börnin fylgjast þannig með hvernig hann verður smátt og smátt að moltu. Moltan er síðan notuð í matjurtagarð og trjábéð leikskólans. Í garði leikskólans er sérstakt svæði til ræktunar þar sem settar eru niður kartöflur á vorin og teknar upp og borðaðar í leikskólanum á haustin. Auk þess eru gerðar tilraunir með aðra ræktun eins og salat og kryddjurtir. Í vettvangsferðum er lögð áhersla á að tína rusl. Á öllum deildum er sérstakt ílát með ormum en leikskólinn hefur sérhæft sig í ræktun á ormum. Börnin fóðra ormana með lífrænum úrgangi og fylgjast með hvernig úrgangurinn hverfur og ormarnir stækka. Þegar farið er í vettvangsferðir eru teknir með bakpokar sem í eru meðal annars ýmis tæki til vísindastarfa. Einn skápur með einingakubbum eru á hverri deild og á eldri deildum mátti sjá lítilega af holukubbum.

Sköpunargleði barnanna nýtur sín í leik með opinn efnivið, t.d. einingakubba, holukubba og alls kyns opinn efnivið, þar sem lausnirnar eru ekki gefnar fyrir fram. Ennfremur er talað um að skapandi starf beinist fyrst og fremst að ferlinu sjálfu, gleðinni, hamingjunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.⁶² Vettvangsferðir og flæði styður vel við sköpun hjá börnunum. Í leikfangabanka sáu matsaðilar að til er fjölbreytt úrval hljóðfæra. Á vettvangi sáu matsaðilar að sungið er með börnunum daglega í samverustundum. Í rýnihópum kom fram að fyrir Covid voru söngfundir einu sinni í viku með öllum börnum og starfsfólki leikskólans. Starfsfólk talaði um að það sakni þessara stunda. Einnig kom fram að æskilegt væri að hafa tónlistarmenntaðan starfsmann til að sinna tónlistinni betur.⁶³ Börnin heimsækja bókasafn bæjarins reglulega og einnig er farið með þau á byggðarsafnið.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti milli aðila. Í vettvangsathugun sáu matsaðilar sjálfstæð, glöð og starfssöm börn. Samskipti starfsfólks við börnin eru uppbyggileg og starfsfólk sýnir þolinmæði. Í rýnihópi barna kom fram að það er gaman í leikskólanum og að kennarinn huggi þau ef þau eru leið. Jafnframt sögðu þau að kennarinn skammi þau ef einhver er að stríða og að þau þurfi að muna H-in tvö en það er að hlusta og hlýða. Þegar börnin voru spurð hvað væri skemmtilegast að gera í leikskólanum sögðu þau: „*Að fara í Ævintýraferðir, Lubbastund, hlusta á Benedikt búálf, perla og fara í sal. Að þeim er hrósað ef þau væru dugleg og það eru sögð falleg orð*“.⁶⁴ Í rýnihópi foreldra kom fram að börnunum líður vel í leikskólanum, hlýja og gleði einkenni leikskólann og allt sé mjög afslappað. Starfsfólk sýni börnunum mikinn áhuga og taki einstaklega vel á móti þeim og ómetanlegt hvað börnunum sé sinnt vel og þeim sýnd hlýja. Börnunum er hrósað og þau segja að starfsfólkið sé gott og tala vel um leikskólann sinn. Jafnframt töluðu foreldrar um að gott aðgengi væri að starfsfólki og þeir telja sig geta fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið. Brugðist væri fljótt við óskum þeirra og reynt að koma á móts við þær.⁶⁵ Við aðlögun barna er unnið samkvæmt þátttökuaðlögun en hún byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum á börnin sín. Fyrstu þrjá dagana eru foreldrar með barninu í leikskólanum, á fjórða degi skilja þeir barnið eftir. Einstaka barn þarf lengri tíma og er þá tekið tillit til þess.⁶⁶

61 Rýnihópar deildarstjóra, kennara og starfsfólks.

62 Skólanámskrá Akrasels.

63 Rýnihópur kennara.

64 Rýnihópur barna.

65 Rýnihópur foreldra.

66 Skólanámskrá Akrasels.

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi er unnið með skipulögðum hætti. TRAS skráningalistinn er fylltur út tvisvar á ári og en hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Að hausti er gert Hljóm-2 próf á öllum elstu börnunum. Hljóm-2 er greiningartæki sem kannar hljóð- og málvitund barna. Deildarstjóri ber ábyrgð á þessari vinnu en kennarar sem hafa farið á námskeið og hafa réttindi til að framkvæma skimanir gera það með deildarstjóra. Orðaskil er notað fyrir þau börn sem eru slök í málþroska. Einu sinni á ári eru elstu börnin spurð um líðan og áhugasvið. Í þessari könnun eru börnin spurð ákveðinna spurninga og svara þau með því að benda annaðhvort á broskall eða fýlukall. Starfsfólk hefur útbúið gátlista sem stuðst er við í foreldrasamtölum, deildarstjórar fylla hann út í samstarfi við annað starfsfólk deildarinnar.⁶⁷ Einnig sáu matsaðilar stærðfræðikönnun sem lögð er fyrir elstu börnin. Ferilmöppur eru notaðar en hreyfiþroski barna er ekki metinn sérstaklega. Íslenski þroskalistinn og íslenski smábarnalistinn eru notaðir þegar það á við, einnig AEPS gátlisti. Formlegt samstarf er á milli leikskólans og heilsugæslu en heilsugæsla kemur í leikskólann til að taka reglubundnar þroskaskimanir. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telji sig fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins.

Styrkleikar

- Dagskipulag styður vel við hugmyndafræði leikskólans.
- Gerðar hafa verið námskrár fyrir hvern árgang.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar utan leikskólalóðar eru góð og vettvangsferðir eru vikulega á dagsskipulagi allra deilda.
- Gerðar hafa verið handbækur fyrir vettvangsferðir, jóga og Lubbastundir. Þar sem teknar eru saman hugmyndir fyrir starfsfólk til að vinna með börnum.
- Allt starfsfólk kemur að skipulagi starfsins og hlustað er á raddir allra. Starfsfólk veit til hvers var ætlast af því og er með hlutverk sitt á hreinu.
- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir öllum námssviðum og hvernig er unnið með þau.
- Unnið er með grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Í læsisstefnu leikskóla Akraessel er samantekt á því hvernig vinna á með hvern árgang fyrir sig.
- Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að æfa börn í að koma fram fyrir hóp og tjá sig.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á framförum barna.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að fram fari umræða um aðgengi barnanna að námsgögnum og bókum.
- Huga að því að gera ritmálið sýnilegra í umhverfinu. Svo sem að merkja box og körfur með ritmáli.
- Leita leiða til að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni.

67 Rýnihópur deildarstjóra.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja að jafnaði þrjú fulltrúar en í haust buðu fimm foreldrar sig fram og ákvað leikskólastjóri þá að hafa fimm næsta skólaár. Skipað er í ráðið með því að foreldrum er sendur tölvupóstur þar sem óskað er eftir meðlimum í foreldraráðið. Þetta vinnulag hefur gefist vel. Gerðar hafa verið sameiginlegar vinnureglur fyrir foreldraráð leikskóla á Akranesi. Fundir foreldraráðs eru að minnsta kosti einu sinni á önn eða oftari ef þurfa þykir en foreldraráðið hefur ekki enn þá gert sér starfsáætlun fyrir leikskólaárið. Leikskólastjóri hefur frumkvæði að málum sem eru tekin fyrir og boðar til fundar með dagskrá. Fundargerðir eru ritaðar og eru þær birtar opinberlega á heimasíðu leikskólans. Helstu verkefni foreldraráðs eru að lesa yfir skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal. Einnig kom fram að foreldraráð er upplýst um starfsmannahald og ef þarf að ýta á eftir framkvæmdum kemur ráðið að því. Fram kom að upplýsa mætti foreldra betur um foreldraráð og verksvið þess.⁶⁸

Foreldrafélag er starfandi og er það fyrst og fremst skemmti- og viðburðafélag. Foreldrafélagið kemur að ýmsum viðburðum í samvinnu við leikskólann eins og að fá leiksýningar inn í skólann, sveitaferð og sumarhátíð og er pátttaka foreldra almennt góð í þessum viðburðum. Aðstoðarleikskólastjóri fundar með stjórn foreldrafélagsins og telja stjórnendur og starfsfólk leikskólans foreldrafélagið vera stuðning við leikskólastarfið.⁶⁹

Kynningarfundur er haldinn á vorin fyrir foreldra allra barna sem byrja í leikskólanum að hausti. Foreldrar fá handbók með upplýsingum um stefnu leikskólans og ýmsar hagnýtar upplýsingar við upphaf leikskólagöngu hjá barninu. Aðlögun tekur um viku og er til sérstök áætlun um það sem foreldrum er kynnt í upphafi leikskólagöngu. Boðið er upp á aðlögunarsamtal tveimur til þremur mánuðum eftir að aðlögun lýkur. Foreldrasamtal er tvisvar á ári þar sem rædd er líðan og þroski barna. Niðurstöður úr *Hljóm-2* og *Tras* eru kynntar þar. Ef ástæða þykir til eru foreldrar boðaðir oftari í samtöl og eins geta foreldrar óskað eftir samtali hvenær sem er. Deildarstjórar segjast nota *Völuna* í samskiptum við foreldra. Þar skráir starfsfólk yngri deilda meðal annars hvernig barnið hefur borðað og sofið og geta foreldrar sótt upplýsingar þangað. Einnig geta foreldrar notað *Völuna* til að senda skilaboð á starfsfólk deildarinnar. Á heimasíðu leikskólans eru settar inn myndskráningar frá deildunum. Upplýsingatafla er í fataklefa en eftir Covid-19 er hún ekki mikið notuð. Leikskólastjóri notar tölvupóst til að koma upplýsingum til foreldra. Upplýsingar á heimasíðu mættu vera aðgengilegri og nýta ætti hana betur til að koma reglulega með fréttir og upplýsingar. Á heimasíðu eru upplýsingar um móttöku nýrra barna aðeins á íslensku en æskilegt er að upplýsingar séu á fleiri tungumálum. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir vilja gjarnan fá meiri upplýsingar daglega og meira af myndum. Einnig kom fram að samræma mætti hvað færi inn á heimasíðu. Sumar deildir væru duglegar að setja inn myndir og skráningar á meðan lítið væri frá öðrum deildum.⁷⁰

Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra til leikskólans er einstaklega gott. Í rýnihópi voru þeir jákvæðir í ummælum sínum um skólann. Foreldrar þekktu stefnu leikskólans og gátu nefnt dæmi um hana. Foreldrar telja að styrkur leikskólans sé góð stjórnun, fagmennska og metnaður starfsfólks. Glaðværð og hlýja sé einkennandi fyrir starfsmannahópinn. Þeir segjast eiga góð samskipti við starfsfólk og leitast við að eiga samstarf við foreldra. Viðhorf starfsfólks til barnanna einkennist af hlýju og virðingu. Þeir telja að börnin fái viðfangsefni við hæfi og að komið sé til móts við hæfileika þeirra. Foreldrar sögðust geta fylgst vel með hvernig barninu gengur í leikskólanum í gegnum foreldrasamtölin þar sem ítarlega er farið yfir framfarir barnanna. Foreldrum finnst einstaklega gott að leita bæði til stjórnenda og starfsfólks og finnst að brugðist sé fljótt við og að alltaf sé reynt að koma til móts við óskir þeirra.

68 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur foreldra.

69 Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Rýnihópur foreldra.

70 Rýnihópur foreldra.

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er á milli leikskóla og grunnskóla á Akranesi. Verkefnastjóri hjá Skóla og frístundasviði heldur utan um þetta samstarf.⁷¹ Markmið með samstarfinu *Brúum bilið* er að tengja skólastigin saman og byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á báðum skólastigum. Auk þessa er tilgangurinn með samstarfinu að skapa samfellu í námi barna og að stuðla að vellíðan og öryggi barna og foreldra við að fara úr leikskóla í grunnskóla. Einnig að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli þessara skólastiga. Akrasel á samstarf við bæði Grundarskóla og Brekkubæjarskóla. Áður en elstu börnin heimsækja samstarfsskólann fara þau í skólastjóraheimsóknir í báða grunnskólana. Í skólastjóraheimsóknum tekur skólastjórinn á móti hópnum og kynnir skólann fyrir honum. Þessar heimsóknir fara alla jafna fram í septembermánuði. Báðir grunnskólar Akraneskaupstaðar bjóða upp á haust- og vorskóla þar sem börnin eru í grunnskólanum þrjú til fjóra daga í senn. Í þessum heimsóknum fara börnin í sinn hverfis-skóla og skipuleggur grunnskólinn þær. Um vorið endar samstarfið með hátíð þar sem leikskólabörn og fyrstu bekkingar gera sér glaðan dag.⁷² Persónuupplýsingar sem liggja fyrir um hvert barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskólanum skulu fylgja barninu í grunnskólann samkvæmt 16. gr. laga um leikskóla nr. 90/2009. Slíkar upplýsingar eru settar fram á skilafundi með fulltrúum leikskóla og grunnskóla að vori áður en barnið hefur skólagöngu. Jafnframt er foreldrum skylt að veita upplýsingar um barnið sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð þess. Meðferð slíkra mála er í samræmi við persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.⁷³

Fyrir Covid hafði leikskólinn aðgang að leikfimisal Grundarskóla og fóru elstu börnin þangað vikulega. Í Covið féll þetta niður en áhugi er fyrir því að taka þetta samstarf upp aftur.

Á vormánuðum á hverju ári hittast árgangar nemenda í leikskólum Akraneskaupstaðar. Yngsti árgangurinn hittist í leikskólanum Vallarseli, næstýngsti í Akraseli, næstelsti í leikskólanum Garðaseli og elsti árgangur í leikskólanum Teigaseli. Markmið með samstarfinu er að börnin kynnist innbyrðis og leiki sér saman.⁷⁴

Annað samstarf

Leikskólinn tekur þátt í starfi SOS barnaþorps með því að styrkja Sólskinsbarn. Á vorin fara elstu börnin í Akraseli á sundnámskeið í sundlauginni. Unglingar úr vinnuskólanum aðstoða starfsfólk Akrasels við að fara með börnin. Samstarf er við grunnskólann og fjölbrautaskólann og koma namar þaðan í leikskólann til að vinna ýmis verkefni. Bókasafnið er heimsótt reglulega svo og Byggðarsafnið. Slökkvilið Akraness heimsækir leikskólann reglulega og í samvinnu við það er unnið með verkefnið *Logi og Glóð*. Einnig er gott samstarf við lögreglu. Fyrir Covid heimsóttu börnin dvalarheimilið Höfða reglulega og sungu fyrir heimilismenn. Í Akraseli er eldaður hádegismatur fyrir starfsfólk Fjöliðjunar. Fjöliðjan er vinnustaður þar sem boðið er upp á verndaða vinnu og endurhæfingu fyrir þá sem þess þurfa og leita eftir þjónustu. Fram kom að samstarfið væri yfirleitt að frumkvæði stjórnenda en starfsfólk væri hvatt til að taka þátt í samstarfi.⁷⁵

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er einstaklega gott og telja þeir að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Vel er tekið á móti nýjum foreldrum við upphaf leikskólagöngu og foreldrar eru upplýstir um stefnu leikskólans.
- Til er upplýsingabæklingur fyrir foreldra sem þeir fá þegar barn byrjar í leikskóla og er hann einnig á heimasíðu.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann og er áætlun um það birt í skólanámskrá.

71 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

72 Skólanámskrá og foreldrahandbók Akrasels.

73 Starfsáætlun 2021–2022.

74 Skólanámskrá Akrasels.

75 Rýnivíðtal við deildarstjóra.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Í leikskólanum er starfandi sérkennslustjóri í 50% starfi. Stöðugildi sérkennslustjóra í leikskólanum er 75%. Annar kennari gegnir því 25% starfi sérkennslustjóra en er ekki titlaður sem slíkur. Starfsfólk sérkennslu eru fjórir aðilar, kennarar og þroskaþjálfar og er sérkennslustjóri deildarstjóri yfir þeim. Í samstarfi við deildarstjóra skipuleggur sérkennslustjóri starfið með sérkennslubörnin, upplýsir starfsfólk, fylgir eftir að unnið sé eftir einstaklingsnámskrá og veitir ráðgjöf. Deildarstjórar ásamt starfsfólki sérkennslu bera ábyrgð á vinnunni með sérkennslubörnin á sinni deild.⁷⁶

Ef grunur vaknar um þroskafrávik skoðar sérkennslustjóri málið með deildarstjóra og í framhaldinu eru foreldrar boðaðir á fund og upplýstir. Gerð er forgreining í leikskólanum og eru meðal annars notuð atriði úr APES-listanum og AAL lista auk niðurstaðna úr *Tras* og *Hljóm-2*. Foreldrar fylla út íslenska smábarnalistann eða íslenska þroskalistann eftir því sem við á og orðaskil. Sálfræðingur kemur einu sinni í mánuði í leikskólann og eru þessi mál þá skoðuð og ákvarðanir teknar. Talmeinafræðingur kemur fjórðu hverja viku og er viku í senn. Iðjuþjálfari frá heilsugæslustöðinni kemur einu sinni í mánuði í tvo tíma og einnig hefur leikskólinn aðgengi að sjúkrapjálfa.⁷⁷ Ráðgjafarþroskaþjálfari er starfandi hjá Akraneskaupstað og fundar hann með sérkennslustjórum í leikskólum Akraness einu sinni í mánuði. Einnig er hægt að leita til hans með ráðgjöf og stuðning. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning í samvinnu við foreldra. Einstaklingsnámskráin er endurmetin tvisvar á ári. Teymi er myndað um sérkennslubörnin og eru teymisfundir haldnir á sex vikna fresti. Teymi um barnið mynda ráðgjafarþroskaþjálfari, sérkennslustjóri, deildarstjóri, kennari/þroskaþjálfari og foreldri. Aðrir sérfræðingar eru boðaðir á fundinn ef þurfa þykir. Ekki er til skriflegt ferli ef upp kemur grunur um þroskafrávik.⁷⁸ Vel er unnið með börn með slakan málþroska og þau sem sýna lélega færni í *Hljóm-2* prófinu og er einn af kennurum í sérkennslu ábyrgur fyrir þeirri vinnu.

Gott upplýsingastreymi er til starfsfólks um sérkennslubörn og telur starfsfólk sig fá þær upplýsingar sem það þarf. Starfsfólk er upplýst á starfsmannafundum og á deildarfundum er upplýst um þjálfunaráætlun þeirra barna sem eru á deildinni.⁷⁹ Meginmarkmið leikskólans er að vinna sem mest með sérkennslubörnin inni á sinni deild og í daglegu starfi deildarinnar. En ef þurfa þykir eru börnin tekin út fyrir hópinn í þjálfun.⁸⁰ Góð aðstaða er til sérkennslu í leikskólanum. Að mati sérkennara og þroskaþjálfara er skólinn vel búinn þjálfunargögnum og vel er brugðist við óskum um ný kennslugögn. Fram kom í rýnihópi starfsfólks í sérkennslu að það er hvatt af stjórnendum til að leita sér fræðslu og endurmenntunar.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Við móttöku og aðlögun barna af erlendum uppruna er stuðst við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna nema túlkur er notaður í foreldrasamtölum. Deildarstjóri í samvinnu sérkennslustjóra hefur umsjón með vinnu barna með annað móðurmál en íslensku. Mikil áhersla er lögð á málrækt í öllu leikskólastarfinu en ef þurfa þykir er unnið sérstaklega með þessi börn. Myndrænt dagskipulag er notað til að auka skilning barnanna.⁸¹ Lítilega er unnið með heimamenningu barnanna en sjá mátti í fataklefa þjóðfána barnanna sem eru í leikskólanum.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi og þroskaþjálfar og kennarar sinna sérkennslu og stuðningi í leikskólanum.
- Aðgengi að sérfræðingum er gott og samráðsfundir eru haldnir reglulega.
- Vel er staðið að og haldið utan um sérkennslu. Allt starfsfólk fær upplýsingar og fræðslu í tengslum við sérkennslubörn.

76 Viðtöl við sérkennslustjóra og leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

77 Viðtal við sérkennslustjóra.

78 Viðtal við sérkennslustjóra og rýnihópur deildarstjóra.

79 Viðtöl við sérkennslustjóra og leikskólastjóra. Rýnihópur deildarstjóra, kennara, starfsfólks og starfsfólks sérkennslu.

80 Viðtöl við sérkennslustjóra og leikskólastjóra.

81 Viðtöl við sérkennslustjóra og leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað teymi í kringum þau.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfi.
- Unnið er sérstaklega með börn með slakan málþroska.
- Boðið er upp á tálkaþjónustu í viðtölum við foreldra þegar það á við.

Tækifæri til umbóta

- Verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni ættu að vera skriflegir og öllum aðgengilegir svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að til séu verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá Akrasels er lítið fjallað um innra mat. Þar kemur ekki fram hvernig stefna og markmið leikskólans eru metin og ekki hafa verið skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að í skólastarfi. Mat á innra starfi fer fram með formlegu og óformlegu mati á deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum, svokallað samræðumat.⁸² Matsteymi er ekki starfandi innan skólans en fram kom að leikskólastjóri hefur forgöngu um og ber ábyrgð á matinu. Matsáætlun fyrir árið 2021–2022 er hluti af starfsáætlun leikskólans. Þar kemur fram hvað á að meta, hvernig, hvenær, ábyrgðaraðili og þátttakendur.⁸³ Ekki er gerð áætlun um mat til lengri tíma.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Gagnaöflun fer aðallega fram með samræðumati á deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum. Útbúinn hefur verið gátlisti þar sem farið er yfir helstu þætti leikskólastarfsins, svo sem námssvið aðalnámskrár, foreldrasamskipti, samskipti á deild, aldursskiptar viðmiðanir í vinnu með börn, daglegt starf og fleira. Starfsfólk deilda krossar í reit á gátlistanum ef færni er náð. Deildin vinnur þetta saman á deildarfundum og skipulagsdögum. Útfylltum gátlistanum er síðan skilað til leikskólastjóra til frekari úrvinnslu. Í rýnivíðtölum kom fram að það er alltaf það sama sem er metið.⁸⁴ Á skipulagsdögum eru haldin „hraðstefnumót“ en þá er tekið fyrir ákveðið málefni sem þarf að ræða. Tveir og tveir starfsmenn setjast saman í stutta stund og skiptast á að segja og skrá allt sem þeir vilja um málefnið. Að því loknu fer fram umræða í stærri hóp þar sem fjallað er nánar um niðurstöður af hraðstefnumótinu. Skipaður er hópstjóri og ritari og niðurstöðum skilað til leikskólastjóra. Aðspurt hvort það ígrundaði markvisst starfshætti sína svaraði starfsfólk að það væri þá helst gert á hraðstefnumótum.⁸⁵ Deildarstjórar gera árbækur fyrir sína deild en það er myndskráning sem heldur utan um vinnu síðasta árs með börnunum. Vísir að ferilskrám barna er til en starfsfólk kannaðist ekki við að nota þær í innra mati. Einu sinni á ári eru elstu börnin spurð um líðan og áhugasvið.

Mat á framförum barna er hluti af leikskólastarfinu. Foreldra- og starfsmannakannanir eru gerðar annað hvert ár hjá skóla- og frístundasviði Akranes og birtast niðurstöður á vef Akraneskaupstaðar. Einnig eru niðurstöður þeirra kynntar á starfsmannafundum.⁸⁶ Foreldrar koma ekki að innra mati leikskólans að öðru leyti.

Opinber birting og umbætur

Í starfsáætlun er ekki gerð grein fyrir niðurstöðum innra mats. Greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta liggur því ekki fyrir. Í starfsáætlun Akrasels 2021–2022 segir að: „Umbætur eiga sér stað eftir samtöl, bæði við foreldra einnig eftir starfsmannasamtöl. Leitast er við að setja niður umbætur í kjölfar samtala, hugmyndir og úrbætur koma oftast í samvinnu við samstarfsfólk, aðkoma stjórnenda og yfirmanna eru tengdar eftir þörfum. Aðgerðaáætlanir eru unnar jafnt og þétt af hlutaðeigandi. Breytingar sem gerðar voru í kjölfar þróunarvinnu eru í stöðugri endurskoðun með þeim sem vinna verkið, þannig grípum við inn í jafnóðum og höldum starfsgleðinni lifandi. Hver og einn skiptir máli.“⁸⁷ Niðurstöður eru kynntar foreldraráði en ekki börnum.⁸⁸ Allir sem rætt var við í viðtölum og rýnihópum gátu nefnt dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hafi leitt af sér.

Styrkleikar

- Innra mat er að hluta til kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi.
- Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni starfsfólks.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og nýttar í innra mat.
- Mat á starfsháttum fer fram reglulega með „hraðstefnumóti“.
- Við mat á börnum eru notaðir viðurkenndir matslistar.

82 Viðtal við leikskólastjóra.

83 Starfsáætlun Akrasels skólaárið 2021.

84 Viðtöl við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra og rýnihópar deildarstjóra og kennara.

85 Rýnihópar deildarstjóra og kennara.

86 Viðtal við leikskólastjóra.

87 Starfsáætlun Akrasels 2021–2022.

88 Viðtal við leikskólastjóra.

Tækifæri til umbóta

- Í skólanámskrá á að vera umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer í að meta innra starf sitt.
- Í skólanámskrá skal fjalla um hvernig markmið leikskólans eru metin. Fyrir hvert markmið skulu vera skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar.
- Gera ætti nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og skilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Gera skal matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Birta skal greinagerð um innra mat á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.
- Gera skal nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða eigi að grípa og hvenær, hvernig endurmatið eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda því í framkvæmd.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólanum Akraseli: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Húsnaði leikskólans er snyrtilegt, rúmgott og vel skipulagt og uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnaðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Sér inngangur er fyrir starfsfólk inn í fataherbergi.
- Góð hljóðvist er í húsinu.
- Vinnuaðstaða starfsmanna er góð.
- Útileiksvæðið er stórt, búið fjölbreyttum leiktækjum og býður upp á fjölbreytta möguleika til náms og leikja.
- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð og lykilhugtök.
- Stefna leikskólans og gildi eru skýrt sett fram í skólanámskrá og sýnileg í starfi hans.
- Starfsfólk þekkir stefnu og gildi leikskólans og getur bent á leiðir til að framfylgja þeim.
- Foreldrar þekkja stefnu og gildi leikskólans og telja markvisst unnið með þetta.
- Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans.
- Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann, skýr verkaskipting er á milli stjórnenda og deildarstjórar sjá um að skipuleggja deildarstarfið.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsfólk.
- Unnin hefur verið læsisstefna fyrir leikskóla Akraness.
- Samningsbundnir undirbúningstímar falla aldrei niður.
- Mannauður starfsfólks er nýttur og hlustað er eftir skoðunum allra.
- Unnið hefur verið skipurit Akrasels.
- Leikskólastjórnendur eru sýnilegir í starfi og gott aðgengi að þeim.
- Mikil ánægja er með stjórnendur og stjórnun leikskólans.
- Mikill metnaður er í starfi og er starfsfólk stolt af starfi sínu og líður vel.
- Dagskipulag styður vel við hugmyndafræði leikskólans.
- Gerðar hafa verið árganganámskrár fyrir hvern árgang.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar utan leikskólalóðar eru góð og vettvangsferðir eru vikulega á dagsskipulagi allra deilda.
- Gerðar hafa verið handbækur fyrir vettvangsferðir, jóga og Lubbastundir. Þar sem teknar eru saman hugmyndir fyrir starfsfólk til að vinna með börnum.
- Allt starfsfólk kemur að skipulagi starfsins og hlustað er á raddir allra. Starfsfólk veit til hvers var ætlast af því og er með hlutverk sitt á hreinu.

- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir öllum námssviðum og hvernig er unnið með þau.
- Unnið er með grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Í læsisstefnu leikskóla Akrašel er samantekt á því hvernig vinna á með hvern árgang fyrir sig.
- Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að æfa börn í að koma fram fyrir hóp og tjá sig.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á framförum barna.
- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er einstaklega gott og telja þeir að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Vel er tekið á móti nýjum foreldrum við upphaf leikskólagöngu og foreldrar eru upplýstir um stefnu leikskólans.
- Til er upplýsingabæklingur fyrir foreldra sem þeir fá þegar barn byrjar í leikskóla og er hann einnig á heimasíðu.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann og er áætlun um það birt í skólanámskrá.
- Sérkennslustjóri er starfandi og þroskaþjálfar og kennarar sinna sérkennslu og stuðningi í leikskólanum.
- Aðgengi að sérfræðingum er gott og samráðsfundir eru haldnir reglulega.
- Vel er staðið að og haldið utan um sérkennslu. Allt starfsfólk fær upplýsingar og fræðslu í tengslum við sérkennslubörn.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað teymi í kringum þau.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfi.
- Unnið er sérstaklega með börn með slakan málþroska.
- Boðið er upp á tülkaþjónustu í viðtölum við foreldra þegar það á við.
- Innra mat er að hluta til kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi.
- Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni starfsfólks.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og nýttar í innra mat.
- Mat á starfsháttum fer fram reglulega með „hraðstefnumóti“.
- Við mat á börnum eru notaðir viðurkenndir matslistar.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að minnst 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Skipta þarf um sprungnar rúður

- Brýnt er að bæta viðhald á útileiksvæði leikskólans.
- Skoða ætti hvort hægt sé að breyta innkeyrslu að leikskólanum til að létta aðkomu á álagstímum.
- Skoða ætti hvort finna megi moltutunnum annan stað fjær inngangi leikskólans.
- Auka þarf aðkomu barna, foreldra og starfsfólks að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Í skólanámskrá þarf að gera grein fyrir hvernig staðið er að færslu og aðlögun barna á milli skólastiga og hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla, hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati.
- Gera mætti skriflega verkaskiptingu stjórnenda sýnilega í starfsmannakveri.
- Vinna ætti skriflegt verklag um móttöku nýrra starfsmanna.
- Samræmi ætti að vera á milli umbótaáætlunar innra mats og símenntunaráætlunar starfsfólks.
- Æskilegt er að fram fari umræða um aðgengi barnanna að námsgögnum og bókum.
- Huga að því að gera ritmálið sýnilegra í umhverfinu. Svo sem að merkja box og körfur með ritmáli.
- Leita leiða til að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni.
- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.
- Verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni ættu að vera skriflegir og öllum aðgengilegir svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að til séu verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku.
- Í skólanámskrá á að vera umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer í að meta innra starf sitt.
- Í skólanámskrá skal fjalla um hvernig markmið leikskólans eru metin. Fyrir hvert markmið skulu vera skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar.
- Gera skal nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og skilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Gera skal matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Birta skal greinargerð um innra mat á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.
- Gera skal nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða eigi að grípa og hvenær, hvernig endurmatið eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda því í framkvæmd.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Akraseli, leiðir í ljós að þar fer fram gott og metnaðarfullt leikskólastarf. Leikskólahúsnaði er rúmgott, vel skipulagt og snyrtilegt. Vinnuaðstaða starfsmanna er góð. Stefna leikskólans og gildi eru skýrt sett fram í skólanámskrá og sýnileg í starfi leikskólans. Mikil ánægja er með stefnu og stjórnun skólans hjá starfsfólki og foreldrum og börnunum líður vel í leikskólanum. Skólastjórnendur eru sýnilegir í starfi og aðgengi að þeim gott. Skólabragur er góður, hlustað er eftir skoðunum allra og mannauður nýttur. Sérkennslustjóri er starfandi í Akraseli og vel er staðið að sérkennslumálum leikskólans. Í skólanámskrá skal fjalla um hvernig markmið leikskólans eru metin. Fyrir hvert markmið skulu vera skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Mynda ætti teymi um innra mat þar sem foreldrar eiga fulltrúa. Gera þarf matsáætlun til nokkurra ára þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifæri til úrbóta. Þá þarf að gera umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til úrbóta, þar sem fram koma aðgerðir, viðmið með markmiðum, tímasetningu og ábyrgðaraðilum og birta á heimasíðu.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef. Í september 2021

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Akrasel heilsueflandi leikskóli.

Gögn frá leikskólastjóra.

Heimasíða Akraness.

Heimasíða Akrasels. Slóðin er: <https://www.akrasel.is/>

Leikskóladagatal 2021–2022.

Slóðin er: <https://www.akrasel.is/static/files/skoladagatal-akrasels-2021.pdf>.

Læsisstefna Akrasels.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Skólanámskrá Akrasels.

Slóðin er: <https://www.akrasel.is/static/files/skolanamskra-2021.pdf>.

Skólafélag Akraness.

Starfsáætlun Akrasels 2021–2022.

Viðtöl:

Símtal við sviðstjóra skóla og frístundasviðs Akraness.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara.

Viðtal við rýnihóp starfsfólks.

Viðtal við rýnihóp starfsfólks í sérkennslu.

Viðtal við sérkennslustjóra.

